

## Helgin framundan

## „Stærsta sýningin sem ég hef haldið“

Segir Einar Hákonarson um sýningu sína á Kjarvalsstöðum

■ Frá 5.-20. maí heldur Einar Hákonarson myndlistarmaður sýningu á málverkum og grafik á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru 59 olíumálverk og 89 grafikmyndir. Einar sagði í samtali við NT að þetta væri 10. einkasýning hans.

„Það eru tvö ár síðan ég sýndi hér á Kjarvalsstöðum síðast, en í millitíðinni hélt ég grafiksýningu í London. Þessi sýning er stærsta sýning sem ég hef haldið. Olíumyndirnar eru málaðar á sl. 2 árum, en grafikinn er 20 ára yfirlit. Hluti af því, þriðjungur, er sýning sem ég hélt 1969 í Unuhúsi. Það var fyrsta einkasýningin sem íslenskur listamaður hélt á grafik.“

– Hvað fæst þú helst við að mála?

„Þetta eru áhrif frá mannlíf-inu. Ein myndin heitir Skipbrotismaður og er máluð eftir að skipbrotismaðurinn synti til lands í Heimaey. Svo er mynd af skáldi sem bíður eftir andagift. Mér finnst heldur lítið hafa komið frá skáldum okkar upp á síðkastið, þau bíða bara eftir andagiftinni.“

Bókmenntir hafa verið grundvöllurinn að okkar menningu. Ef við tökum t.d. stríðsárin þá hvíldu aðrar listgreinar á bókmenntum:

– Hvað finnst þér þá um íslenska myndlist?

„Það er mun meiri kraftur og gróska bæði í myndlist og tónlist, þar hafa komið bitastæðari hlutir en í bókmenntum. Svo er mikill áhugi á kvikmyndagerð. Kannski hefur rithöfundatendensinn farið út í kvikmyndagerð. Það

stendur alveg klárt að hversu góð sem tæknin er þá er það hin skáldlega innsýn sem verður að vera til staðar í kvikmyndinni.“

– Hvað segirðu um þróun í þínu verkum?

„Ég held að það sjáist á sýningunni að munurinn frá fyrri sýningum er sá að ég hef aðeins starfað sem myndlistarmaður síðan ég hætti sem skólastjóri Myndlista- og hand-  
íðaskólans, og myndmeðferð

og -hugsun hefur vonandi þroskast.“

„Ég gleymdi að minnst á að það eru 30 nýjar grafikmyndir með. Ég tek períódur í grafikinni, og finnst gott að skipta um efni að vinna í með vissu millibili.“


– Hafa nýjar stefnur í myndlistinni haft einhver áhrif á þig?

„Ég er glaður yfir því að menn eru farnir að mála aftur. Hugmyndalistin höfðaði lítið til mín. Ég hef alltaf lítið á mig

sem expressiónista, tilfinningamálara, og nýja málverkið gengur mikið út á það. Ég held að ég sé það balanseraður málari að það hafi haft lítil áhrif. Þó hef ég losað um í ýmsum myndum.“

– Þú er t með ýmsar trúarlegar myndir?

„Já, tvær eða þrjár. Þær voru sýndar á kirkjulistasýningunni. Meginhugsunin í þeim er að færa þetta til okkar tíma.“



■ Einar Hákonarson við mynd sína „Bæn“.

## „Finnst ég vera að mála mig og mínar tilfinningar“

Talað við Jóhönnu Kristínu Yngvadóttur listmálara

■ Laugardaginn 5. maí kl. 14.00 verður opnuð í Listmunahúsinu við Lækjargötu sýning á málverkum eftir Jóhönnu Kristínu Yngvadóttur. Jóhanna er 29 ára gömul, lauk námi við MHI árið 1976 en fór þá til Hollands og nam þar í fjögur ár. Við spjölluum við Jóhönnu niðri í Listmunahúsi.

– Hefurðu sýnt oft áður?  
„Tvisvar, fyrst í Nýlistasafninu á síðasta ári og svo líka í Landspítalanum, einnig á síð-

■ Jóhanna Kristín með dóttur sinni í Listmunahúsinu. NT-mynd Sverrir.

asta ári. Að vísu áttu myndirnar ekki heima þar.“

– Hvað geturðu sagt mér um málverkin?

„Ég fjalla um samskipti mín við fólk. Fólk er það sem hefur mest áhrif á mann, veldur gleði og sorg. Það hefur a.m.k. haft mest áhrif á mig og mitt málverk.“

Annars finnst mér ég alltaf vera að mála sjálfa mig og mínar tilfinningar.“

– Hvaða stefna er þetta?  
„Þetta er figúratívur expressiónismi.“

– Byrjaðirðu ung að teikna?  
„Já, já, er maður ekki alltaf teiknandi. Þetta er ein af frumþörfum mannsins.“

– Sýndirðu snemma mikla hæfileika?

„Nei. Í Myndlista- og hand-íðaskólanum sagði Bragi Ásgeirsson að ég væri afskaplega þungmelt. Þá voru allar myndirnar svartar eða dökkar.“

Síðar sagði Bragi mér að í Japan væri svart litur gleðinnar, þannig að hann hefur breytt skoðun sinni. Ég reyni að koma hvorutvegga til skila, sorg og gleði.“

– Hvernig seldust verkin á fyrri sýningunum?

„Ekki mikið.“

– Skiptir það miklu máli?

„Nei, nei. Ég var bara hissa að eitthvað seldist. Enda mála ég ekki með það fyrir augum að selja myndir.“



## Útvarp

Mánudagur  
7. maí

7.00 Veðurfregin. Fréttir. Bæn. Halldóra Þorvarðardóttir flytur (a.v.d.v.). Á virkum degi – Stefán Jökullsson – Kolbrún Halldórsdóttir – Kristín Jónsdóttir. 7.25 Leikfimi. Jónína Benediktsdóttir (a.v.d.v.). 8.00 Fréttir. 8.15 Veðurfregin. Morgunorð – Baldvin P. Kristjánsson talar. 9.00 Fréttir. 9.05 Morgunstund barnanna: „Hnífaparadansinn“ eftir Jón frá Pálmholti Höfundur les (8). 9.20 Leikfimi. 9.30 Tilkynningar. Tónleikar. Pulur velur og kynir. 10.00 Fréttir. 10.10 Veðurfregin. 10.30 Forstugur. landsmálabl. (útdr.). Tónleikar. 11.00 „Ég man þá tíð“ Lög frá líðnum árum. Umsjón: Hermann Ragnar Stefánsson. 11.30 Kotra Endurtekinn þáttur Sigurðar Pálsdóttur frá sunnudagskvöldi (RÚVAK). 12.00 Dagskrá. Tónleikar. Tilkynningar. 12.20 Fréttir. 12.45 Veðurfregin. Tilkynningar. Tónleikar. 13.30 Lög úr kvikmyndum. 14.00 Ferðamínningar Sveinbjarnar Egilssonar; seinni hluti Þorsteinn Hannesson les (18). 14.30 Miðdegistónleikar David Gerings og Tatjana Schatz leika á selló og piano „Sex ljóð“ eftir Jóhannes Brahms. 14.45 Poppóhólið – Sigurður Kristinsson. 15.30 Tilkynningar. Tónleikar. 16.00 Fréttir. Dagskrá. 16.15 Veðurfregin. 16.20 Síðdegistónleikar Sinfóníuhljómsveit Lundúna leikur forleik að óperunni „Belfagor“ eftir Ottorino Respighi; Lamberto Gardelli

stj. / Lev Kuznetsov, Boris Dobrin, Sergej Yavkovenko og Sinfóníuhljómsveit Moskvuútarvarpsins flytja atriði úr „Agjarna riddaranum“, óperu eftir Sergej Rakhmaninoff; Gennady Rozhdestvensky stj. / Leontyne Price syngur með Hljómsveit Rómároperrunnar ári úr óperunni „Aidu“ eftir Giuseppe Verdi; Oliviero de Fabritius stj. / Konunglega filharmóníusveitin í Lundúnum leikur „Simple Symphony“ op. 4 eftir Benjamin Britten; Sir Malcolm Sargent stj. 17.10 Síðdegisvakan Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Borgþór S. Kjærnestad. 18.00 Vísindarásin Þór Jakobsson ræðir við Pál Halldórsón eðlisfræðing um áhrif jarðskjálfta á Íslandi. 18.20 Tónleikar. Tilkynningar. 18.45 Veðurfregin. Dagskrá kvöldsins. 19.00 Kvöldfréttir. Tilkynningar. 19.35 Daglegt málið Mörður Árnason talar. 19.40 Um daginn og veginn Sigurður Magnússon fyrrv. blaðafulltrúi talar. 20.00 Lög unga fólksins. Þorsteinn J. Vilhjálmsson kynir. 20.40 Kvöldvaka a. Vatnajökulsleið og Árnakvæði; síðari hluti Sigurðar Kristinsson tekur saman og flytur. b. Tilberi og tilberamóðir Sigurður Schiöth les frásögn úr Grímu. Umsjón: Helga Ágústsdóttir. 21.10 Nútímatónlist Þorkell Sigurbjörnsson kynir. 21.40 Útvarpssagan: „Þúsund og ein nótt“ Steinunn Jóhannesdóttir les valdar sögur úr safninu í þýðingu Steingrims Thorsteinsonar (7). 22.15 Veðurfregin. Fréttir. Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins. 22.35 Ríkisútvarp, grenndarútlit. Þáttur um skipan útvarpsmála í Svíþjóð. Umsjónarmenn: Ólafur

Angantýsson og Þorgeir Ólafsson. 23.45 Fréttir. Dagskrárlök.

Þriðjudagur  
8. maí

7.00 Veðurfregin. Fréttir. Bæn. Á virkum degi. 7.25 Leikfimi. 7.55 Daglegt málið. Endurt. Þáttur Marðar Árnasonar frá kvöldinu áður. 8.00 Fréttir. 8.15 Veðurfregin. Morgunorð – Bjarnfríður Leósdóttir talar. 9.00 Fréttir. 9.05 Morgunstund barnanna: „Hnífaparadansinn“ eftir Jón frá Pálmholti. Höfundur lýkur lestrinum (9). 9.20 Leikfimi. 9.30 Tilkynningar. Tónleikar. 9.45 Þingfréttir. 10.00 Fréttir. 10.10 Veðurfregin. Forstugur. dagbl. (útdr.). 10.45 „Man ég það sem löngu leið“ Ragnheiður Viggósdóttir sér um þáttinn. 11.15 Við Pollinn Ingimar Eydal velur og kynir léttu tónlist (RÚVAK). 12.00 Dagskrá. Tónleikar. Tilkynningar. 12.20 Fréttir. 12.45 Veðurfregin. Tilkynningar. Tónleikar. 13.30 Tim Hardin, Arlo Guthrie, Bob Dylan o.fl. syngja og leika. 14.00 Ferðamínningar Sveinbjarnar Egilssonar; seinni hluti Þorsteinn Hannesson les (19). 14.30 Upptaktur – Guðmundur Benediktsson. 15.30 Tilkynningar. Tónleikar. 16.00 Fréttir. Dagskrá. 16.15 Veðurfregin. 16.20 Íslensk tónlist Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur „Concerto breve“ eftir Herbert H. Ágústsson; Páll P. Pálsón stj. / Guðrún Tómasdóttir syngur lög eftir Þorstein Valdimarsson. Ólafur Vignir Albertsson leikur með á piano / Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur „Fáein haustlauf“ eftir Pál P.

Pálsón; höfundurinn stj. 17.10 Síðdegisvakan. 18.00 Tónleikar. Tilkynningar. 18.45 Veðurfregin. Dagskrá kvöldsins. 19.00 Kvöldfréttir. Tilkynningar. 19.50 Við stökkinn Stjórndendur: Margrét Ólafsdóttir og Jörunn Sigurðardóttir. 20.00 Sagan: Flambardsetrið II. hluti „Flugið heillar“ eftir K.M. Peyton Sija Ádalsteinsdóttir byrjar lestur þýðingar sinnar. 20.30 Ensiklóból. 20.40 Kvöldvaka a. „Síðasta fullið“ Aldis Baldvinsdóttir les sögu eftir Sigurð Nordal; fyrri hluti. (Síðari hluti verður fluttur á sama tíma á morgun). b. Stefán Íslandi syngur. 21.10 Vornóttin Umsjón: Ágústa Björnsdóttir. 21.45 Útvarpssagan: „Þúsund og ein nótt“ Steinunn Jóhannesdóttir les valdar sögur úr safninu í þýðingu Steingrims Thorsteinsonar (8). 22.15 Veðurfregin. Fréttir. Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins. 22.35 Kvöldtónleikar: Johan Svendsen og verk hans Knútur R. Magnússon kynir. 23.45 Fréttir. Dagskrárlök.

14.00-15.00 Dægurflugur Stjórndandi: Leópoll Sveinsson. 15.00-16.00 Á rólegu nótonum Stjórndandi: Arnþróður Karlsdóttir. 16.00-17.00 Á Norðurlöðum Stjórndandi: Kormákur Bragason. 17.00-18.00 Asatími (umferðarþáttur) Stjórndendur: Ragnheiður Davíðsdóttir og Júlíus Einarsson.

Þriðjudagur  
8. maí

10.00-12.00 Morgunþáttur Stjórndendur: Páll Þorsteinsson, Ásgeir Tómasson, og Jón Ólafsson. 14.00-15.00 Vagg og velta Stjórndandi: Gisli Sveinn Loftsson. 16.00-17.00 Þjóðlagabáttur Stjórndandi: Kristján Sigurjónsson. 17.00-18.00 Frístund Stjórndandi: Eðvarð Ingólfsson.

## Sjónvarp

Mánudagur  
7. maí

19.35 Tommi og Jenni Bandarísk teiknimynd. 19.45 Fréttagrip á táknmáli. 20.00 Fréttir og veður. 20.30 Auglýsingar og dagskrá. 20.40 Heilsulindir – lækning eða leyndardómur Kanadísk heimildamynd. Í meira en 2000 ár hefur fólk leitað sér lækninga á gigt og öðrum kvillum með laugum eða leirböðum, oft með góðum árangri. Í myndinni er vitjað nokkurra kunnra heilsulinda og fjallað um lækningamát þeirra. Þýðandi og þulur Jón O. Edwald. 21.40 Kusk á hvítflibann. Endursýning Sjónvarpsleikrit eftir Davíð Oddsson. Leikstjóri Andrés Indriðason. Leikendur: Arni Ibsen, Elfa Gísladóttir, Þóra Fríðriksdóttir, Jón Sigurbjörnsson, Ragnheiður

Arnardóttir, Sigurður Sigurjónsson, Jóhanna Norðfjörð, Borgar Garðarsson, Gunnar Rafn Guðjónsson, Steindór Hjörleifsson og Róbert Arnfinnsson. Eiríkur er ungur og framsækinn maður í góðri stöðu. Atvikin haga því svo að á hann fellur grunur um eitru-lyfjabrask og verður hann að sæta gæsluvarðhaldi meðan málið er rannsakað. Áður sýnt í Sjónvarpinu á júlum 1981. 22.35 Íþróttir Umsjónarmaður Bjarni Felixson. 23.10 Fréttir í dagskrárlök.

Þriðjudagur  
8. maí

19.35 Hnúturnar 9. þáttur. Breskur teiknimyndaflokkur. Þýðandi Þrándur Thoroddsen. Sögumaður Edda Björgvinsdóttir. 19.45 Fréttagrip á táknmáli. 20.00 Fréttir og veður. 20.30 Auglýsingar og dagskrá. 20.35 Veidibíli Bresk náttúrufræðingur um ránþjöllur, ein skæðustu rándýr í hópi skorkvíkunda. Þýðandi og þulur Jón O. Edwald. 21.05 Norður og Suður – Veröld í vanda Í þættinum er fjallað um samskipti ríkja iðnríkja norðursins og þróunarlanda í suðri en bilið milli þeirra hefur verið að breikka í seinni tíð. Rætt verður við ýmsa menn sem hafa látið þetta málefni til sín taka á alþjóðavettvangi og sótt ráðstefnu á vegum Evrópu-ráðsins í Lissabon í síðasta mánuði, þar sem fjallað var um hlutverk Evrópuríkja í samskiptum Norðurs og Suðurs. Þættinum lýkur með umræðum í sjónvarpsal. Umsjónarmaður Guðmundur Jónsson. 22.15 Snákurinn Þriðji þáttur. Ítaliskur framhaldsmyndaflokkur í fjórum þáttum. Þýðandi Þuríður Magnúsdóttir. 23.15 Fréttir í dagskrárlök.

Mánudagur  
7. maí

10.00-12.00 Morgunþáttur Stjórndendur: Páll Þorsteinsson, Ásgeir Tómasson og Jón Ólafsson.